



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 21/2012

Kvörtun Karls K. Karlssonar hf. vegna hagnýtingar atvinnuleyndarmála

I.

Erindið

Með bréfi, dags. 8. febrúar 2011, barst Neytendastofu kvörtun Karls K. Karlssonar hf. þar sem lögð er fram kvörtun á hendur Eddu Bjarnadóttur vegna ætlaðra brota á 16. gr. c. laga nr. 57/2005 um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu. Jafnframt sé þess krafist að Neytendastofa rannsaki hlutdeild starfsmanna Landsbanka Íslands hf. í ætluðum brotum hennar. Þá sé krafist refsingar sbr. 26. gr. laga nr. 57/2005.

Edda sé fyrrverandi framkvæmdastjóri Karls K. Karlssonar (KKK) sem er innflutningsfyrirtæki og flytji inn matar- og drykkjarvörur, áfengar og óáfengar, sælgæti og hreinlætisvörur. Frá árinu 2007, hafi hún gegnt starfi forstjóra fyrirtækisins en hún hafði þá starfað hjá fyrirtækinu frá árinu 2000. Hafi hún sagt upp störfum 30. apríl 2010 og hafi lokið störfum 7. júní sama ár.

Sem framkvæmdastjóri hafi hún haft yfirumsjón með daglegum rekstri KKK og hafi ráðið starfsfólk til fyrirtækisins, annast samskipti við lánardrottna, birgja o.fl. Stöðu sinnar vegna hafi hún haft aðgang að trúnaðarupplýsingum um starfsemi og atvinnuleyndarmál fyrirtækisins m.a. um fjárhagsstöðu, veltutölur, helstu birgja og viðskiptavini sem og viðskiptasamninga fyrirtækisins.

Sem fyrr greinir hafi Edda sagt upp starfi sínu hjá KKK 30. apríl 2010 og gefið þá skýringu að hún ætlaði að minnka við sig vinnu og hefja nám. Af þeirri ástæðu hafi engar athugasemdir verið gerðar við starfslokinn en hún beðin að ljúka tilteknum málum áður en hún hætti störfum. Skömmu eftir starfslok hafi hins vegar komið í ljós að Edda væri einn af stofnendum Podium Imports ehf., þá Engjasmári ehf., en hún hafi ritað undir fundargerð félagsins f.h. nýrrar stjórnar, dags. 7. júní 2010. Starfsemi Podium Imports sé innflutningur, heildsölurekstur, kynningar, rekstur fasteigna, lánastarfsemi og annar skyldur rekstur sbr. tilkynningu félagsins til Hlutafélagaskrár, dags. 9. júní 2010. Það hafi því verið ljóst að Edda hafi hafið störf hjá Podium



Imports og verið hluthafi í fyrirtækinu sem hafi verið í beinni samkeppni við KKK, sama dag og hún hafi sagt upp störfum hjá KKK. Fyrirliggjandi gögn bendi eindregið til þess að hún hafi skipulagt stofnun og starfsemi félagsins meðan hún hafi verið við störf hjá KKK.

Framangreindu til stuðnings sé bent á að [X] hafi verið skráður framkvæmdastjóri Podium Imports, þann 7. júní 2010 en Edda hafi skömmu áður ráðið hann til KKK eða í apríl 2010, þ.e. tveim mánuðum áður en hann hafi orðið framkvæmdastjóri Podium Imports. Edda hafi ekki gert ráðningarsamning við [X]. Engar ráðstafanir hafi því verið gerðar af hennar hálfu til að vernda atvinnuleyndarmál og ríka hagsmuni KKK þrátt fyrir augljósar skyldur hennar þess efnis.

[X] hafi látið af störfum hjá KKK um mánaðamótin apríl – maí 2010. Í stöfum sínum hjá fyrirtækinu hafi hann ferðast og átt fundi með helstu birgjum fyrirtækisins m.a. Bodegas Faustino sem hafi verið einn helsti birgji KKK. Það fyrirtæki hafi rift viðskiptasamningi sínum við KKK án fyrirvara og hafi farið með viðskipti sín yfir til Podium Imports skömmu eftir stofnun fyrirtækisins. Augljóst sé að Edda hafi ráðið [X] til starfa til þess eins að mynda tengsl við helstu birgja fyrirtækisins og ná þeim yfir til Podium Imports enda hafi fyrirtækið verið stofnað 7. maí 2010. Áréttað sé að [X] sé núverandi framkvæmdastjóri Podium og hluthafi ásamt Eddu.

Þá hafi KKK fengið upplýsingar um það að Podium Imports hafi pantað vörur frá Bodegas Faustino á með Edda hafi enn verið í starfi hjá KKK.

Þá bendi fyrirliggjandi gögn til þess að Edda hafi með ólögætum hætti nýtt sér atvinnuleyndarmál KKK og unnið markvisst að því að yfirtaka viðskiptasamninga við helstu birgja fyrirtækisins þ.m.t. viðskiptavini KKK. Því til stuðnings sé vísað til eftirtalinna atriða:

Í fyrsta lagi liggi fyrir glærukynning sem hafi fundist í tölvu sem Edda hafi notað á meðan hún var í starfi hjá KKK. Glærukynningin beri með sér að hafa verið undirbúin fyrir fyrirhugaðan fund hennar með Bodegas Faustino, dags. 27. maí 2010, á með hún hafi enn starfað sem framkvæmdastjóri KKK. Kynningin beri með sér að hún hafi nýtt sér trúnaðarupplýsingar um KKK m.a. um skuldastöðu fyrirtækisins, samskipti við birgja og fleira, til þess að fá birgja til að eiga viðskipti við nýstofnað fyrirtæki hennar, Podium Imports.

Í öðru lagi liggi fyrir að Podium Imports hafi yfirtekið viðskiptasamninga KKK við framleiðendurna Maxium, Stroth og Babco Ltd. en allir eigi það sameiginlegt að vera fyrrum birgjar KKK.

Í þriðja lagi liggi fyrir tölvupóstur frá Eddu til tengiliða helstu birgja KKK þar sem dylgjað er um meint gjaldprot KKK og Ingvars J. Karlssonar, stjórnarformanns fyrirtækisins og hluthafa.



Framangreindir meðfylgjandi tölvupóstar eru samskipti Eddu og starfsmanns vínbirgisins AB-Inbev sem áttu sér stað í september 2010. Hafi hún staðfest að hafa sent umrædda tölvupósta.

KKK hefur krafist Landsbankann um upplýsingar um samstarf bankans við Eddu. Bankinn hafi neitað að verða við þeirri kröfu.

Áréttað sé að KKK hafi jafnframt sent inn kærur til Fjármálaeftirlitsins vegna hlutdeildar Landsbankans í ætluðum brotum Eddu.

Í tengslum við trúnaðarbrot Eddu sé lögð áhersla á að hún hafi haft allar upplýsingar um skuldastöðu fyrirtækisins og meintar kröfur Landsbankans á hendur KKK og stjórnarformanni fyrirtækisins. Hafi hún jafnframt haft upplýsingar um að kröfunum hefði verið mótmælt og að til staðar væri lögfræðilegur ágreiningur um það hvort kröfurnar ættu rétt á sér. Sem dæmi hafi Edda setið fund með stjórnarformanni og lögmanni fyrirtækisins þar sem lagt hafi verið á ráðin um hvernig bregðast skyldi við umræddum kröfum. Jafnframt hafi hún setið fund með sömu aðilum og fulltrúum Landsbankans vorið 2009 þar sem sjónarmiðum KKK hafi verið komið á framfæri.

Staðhæfingar Eddu um meint gjaldþrot fyrirtækisins vegna umdeilda krafna Landsbankans séu rangar og sýni fram á einbeittan ásetning hennar til að reyna að yfirtaka viðskipti fyrirtækisins. Enn eitt dæmið sé símtal hennar við lögmann KKK skömmu fyrir starfslok hennar í júní 2010, þar sem hún hafi spurst fyrir um samskipti lögmannsins við Landsbankann vegna krafna bankans á hendur stjórnarformanni fyrirtækisins.

Í fjórða lagi liggi fyrir að Edda hafi eytt öllum tölvupósti úr starfi hennar hjá KKK sem og öðrum rafrænum gögnum. Að mati fyrirtækisins hafi það verið gert til þess að reyna að dylja meint brot hennar en gögnin hafi verið og séu eign fyrirtækisins. Til standi að endurheimta allan tölvupóst Eddu á næstu dögum.

Skipulegar og markvissar aðgerðir Eddu til þess að reyna að taka yfir viðskiptasamninga við birgja KKK, þ.m.t. viðskiptavini fyrirtækisins, hafi leitt til tuga- eða hundruð milljóna króna tjóns fyrir fyrirtækið auk ímyndarskaða sem örðugt sé að meta til fjár. Það sem í raun og veru hafi gerst með tilkomu Podium Imports hafi verið að það fyrirtæki hafi sölsað undir sig hluta af starfsemi KKK og hafi gert Eddu kleift að stofna fyrirtæki með örugga birgja og örugga veltu sem hafi áður verið í eigu KKK. Áðurnefnd glærुकyning beri það skýrlega með sér að Edda hafi ætlað sér að yfirtaka öll viðskiptasambönd KKK.

Nauðsynlegt sé að meint brot Eddu verði rannsökuð og henni refsað lögum samkvæmt en KKK hyggist höfða skaðabótamál á hendur henni í framhaldinu.



Með bréfi, dags. 23. nóvember 2010, hafi verið skorað á Eddu að viðurkenna skaðabótaábyrgð. Með bréfi, dags. 2. desember 2010, hafi þeirri kröfu verið hafnað. Í svarbréf Eddu hafi hins vegar komið fram upplýsingar um að hún hafi átt gott samstarf við Landsbankann í tengslum við starfslok hennar hjá KKK. Í bréfinu komi einnig fram að til sé samningur á milli Landsbankans og Eddu um störf hennar hjá KKK.

KKK hafi krafist Landsbankann um upplýsingar um samstarf bankans við Eddu. Bankinn hafi neitað að verða við þeirri kröfu. Í ljósi framangreindrar fullyrðingar sé nauðsynlegt að hlutdeild bankans í meintum brotum Eddu verði rannsökuð sem og viðskiptasamband þeirra eftir að Edda hafi hætt störfum hjá KKK.

Sérstök áhersla sé lögð á að Neytendastofa rannsaki hvort til séu tölvupóstssamskipti Eddu og starfsmanna Landsbankans, einkum við tvo starfsmenn skilaneftar Landsbankans. Það veiki sérstaka athygli að samstarf Eddu og Landsbankans hafi farið fram án nokkurrar vitundar stjórnar KKK sem feli í sér gróft brot á trúnaðarskyldum Eddu gagnvart fyrirtækinu.

Starfsmaður sem hafi fengið vitneskju um eða umráð yfir atvinnuleyndarmálum á réttmætan hátt í starfi sínu, sé óheimilt að veita upplýsingar um það eða hagnýta sér slík leyndarmál. Bannið gildi í þrjú ár frá því starfi sé lokið sbr. 2. mgr. 16. gr. c. laga 57/2005.

Upplýsingar Eddu um fjárhagsstöðu KKK, birgja, viðskiptamenn og sölutölur séu trúnaðarupplýsingar í skilningi framangreindrar lagagreinar. Því til stuðnings sé vísað til athugasemda við samhljóða lagagreinar í frumvarpi til laga sem hafi orðið lög nr. 8/1993 en þar segir:

„Verslunar- eða viðskiptaleyndarmál geta t.d. verið fólgin í sérstöku sölu- eða innkaupaskipulagi, skráum yfir viðskiptavinum, sérstakri þekkingu á viðskiptavinum, ýmsum tölfræðilegum upplýsingum o.fl.“

Háttsemi Eddu að hafa samband við áður nefnda birgja og greina þeim, sem og öðrum frá fjárhagsstöðu KKK flokkist sem brot gegn áður nefndu lagaákvæði enda verði að líta svo á að hún hafi með því verið að veita upplýsingar í skilningi lagaákvæðisins. Sú háttsemi að hafa samband við birgja annars vegar og að hafa yfirtekið viðskiptasamninga við þá hins vegar, flokkist einnig sem brot gegn lagaákvæðinu einkum í ljósi þess að Edda hafi haft sérstaka þekkingu á umræddum birgjum svo sem um tengiliði þeirra og ítarlegar tölfræðiupplýsingar svo sem sölutölur, álagningu o.fl. Hún hafi augljóslega verið að hagnýta sér þessar upplýsingar þegar hún hafi haft samband við birgjana og hafi óskað eftir viðskiptasambandi við þá sbr. fyrrnefnda glærुकynningu.



Hæstaréttardómur frá 5. nóvember 2009 í máli 98/2009 eigi við sem fordæmi í þessu máli. Í því máli hafi tveir starfsmenn verið dæmdir brotlegir gegn 16. gr. c. laga 57/2005. Annar hafi starfað sem sölu- og markaðsstjóri en hinn hafi séð um uppsetningu og viðhald á tilteknum vörum sem hafi verið til sölu hjá vinnuveitanda þeirra.

II. Málsmeðferð

1.

Erindi Karls K. Karlssonar var sent Eddu Bjarnadóttur til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 18. febrúar 2011.

Svar Eddu barst Neytendastofu með bréfi, dags. 28. febrúar 2011. Þar segir að Edda hafi starfað hjá KKK frá árinu 2000, en sem framkvæmdastjóri aðeins frá árinu 2007. Hún hafi verið ráðin framkvæmdastjóri eftir að hafa reynt að segja upp störfum hjá fyrirtækinu. Henni hafi farist nýja starfið afar vel úr hendi og hafi ríkt mikil ánægja með störf hennar. Meðal starfa Eddu hafi verið samskipti við birgja fyrirtækisins og lánadrottna. Þó svo Edda hafi leyst verk sín vel af hendi hafi það ekki breytt því að rekstur fyrirtækisins hafi alla jafna verið mjög þungur. Hafi þar að mestu verið ákvarðanir sem stjórnarformaður fyrirtækisins hafi verið ábyrgur fyrir. Þetta hafi m.a. haft þær afleiðingar að oft hafi gengið illa að greiða erlendum birgjum og standa skil á vörslusköttum. Verulega hafi sigið á ógæfuhliðina eftir svo kallað bankahrun. Hafi Edda þá viljað segja upp störfum á ný er henni hafi verið ljós heildarmyndin í kringum félagið, en að samkomulagi varð að hún héldi áfram.

Í byrjun árs 2010 hafi skilanefnd Landsbankans haft samband við Eddu. Hafi henni verið tjáð að skilanefndin hygðist ganga að hlutabréfum í félaginu sem hafi verið veðandlag fyrir skuldum eiganda fyrirtækisins við gamla Landsbankann. Nefndur eigandi og stjórnarformaður hafi ekki gefið sig að þessu máli og svo hafi farið að skilanefndinni hafi reynst ómögulegt að fá sig skráða sem hluthafa í hluthafaskrá félagsins enda hafi þurft til þess atbeina stjórnarformannsins. Enn hafi Edda hugað að starfslokum hjá fyrirtækinu enda hafi blasað við að fyrirtækið með sama áframhaldi myndi ekki geta staðið skil á vörslusköttum og myndi hún bera lagalega ábyrgð ef til þess kæmi. Ekki lægi annað fyrir hjá fyrirtækinu en að fara í þrot. Hafi Edda því tilkynnt uppsögn sína í þriðja skipti í lok apríl 2010. Ekki sé rétt að fyrir uppsögninni hafi verið gefnar þær ástæður að Edda ætlaði að minnka við sig vinnu og fara í nám.

Um þessar mundir hafi gengið til liðs við fyrirtækið [X]. Hafi hann verið ráðinn til fyrirtækisins í samráði við og með samþykki stjórnar KKK. Hafi hann áður starfað í Þýskalandi sem yfirmaður



hjá einum stærsta vándreifingaraðila Evrópu. Hlutverk hans hjá KKK hafi fyrst og fremst verið að reyna að rétta við rekstur fyrirtækisins og tala um fyrir birgjum sem einn af öðrum hafi viljað slíta sig frá fyrirtækinu. Ekki sé rétt að Edda hafi á þessum tíma verið farin að starfa fyrir Podium Imports ehf. Ekki verði séð að nokkru skipti fyrir þetta mál hvenær það fyrirtæki hafi verið stofnað enda hafi það félag verið stofnað af Deloitte hf. en ekki af Eddu. Þá sé rétt að geta þess að henni hafi ekki verið óheimilt að eiga hlut í öðru félagi á meðan hún hafi gegnt störfum fyrir KKK.

Í lok maí 2010, hafi Eddu borist skeyti frá spænska vínbirginum Bodegas Faustino sem framleiði Faustino vín, ein vinsælustu vínin í ÁTVR. Faustino hafi haft áhyggjur af því að hafa ekki fengið greidda reikninga lengi sem og að KKK hafi ekki getað afhent vínin til ÁTVR á réttum tíma. Slíkt þýði að vín detta út úr svo kölluðum kjarna en um tvö ár geti tekið að komast inn í kjarnasölu ÁTVR. Edda og [X] hafi hitt þann aðila á fundi, 27. maí 2010, en hann hafi komið hingað til lands og hafi Edda og [X] gert honum grein fyrir stöðu mála að ósk hans. Á þeim fundi hafi komið fram, sem rétt hafi verið, að fjárhagsstaða KKK væri ekki að batna. Sömuleiðis hafi komið fram að bæði Edda og [X] væru að hverfa frá störfum í fyrirtækinu eftir örfáa daga. Hins vegar hafi engin glærुकyning verið kynnt eins og fullyrt sé í erindi KKK. Edda hafi undirritað starfslokasamning við KKK, 7. júní 2010, þar sem KKK lýsti því yfir að fyrirtækið ætti enga kröfu á hendur henni og starfslok miðuðust við 1. júní 2010. Hinn 7. júní 2010, hafi Edda hafið störf fyrir Podium Imports. Alrangt sé að Podium Imports hafi pantað vörur frá Faustino á meðan Edda hafi verið í starfi hjá KKK. Sú fullyrðing sé með öllu tilhæfulaus.

Í desember 2010, hafi Landsbankinn lagt fram kröfu um gjaldþrotaskipti á hendur KKK. Séu því allar líkur á að félagið verði úrskurðað gjaldþrota.

Flestir erlendir viðskiptavinir KKK hafi gefist upp á fyrirtækinu aðallega vegna þess að þeir hafi ekki fengið greidda reikninga sína. Sumir hafi í kjölfar slita á viðskiptasambandi sínu við fyrirtækið haft samband við Eddu og hafi tekist samningar um viðskipti. Aðrir hafi leitað annað. Þetta hafi KKK ekki viljað una við og haft í hótunum bæði við hina erlendu aðila og Eddu. Þá hafi komið fram fáránlegar kröfur KKK á hendur Eddu um skaðabótaskyldt tjón vegna starfa hennar fyrir fyrirtækið, en eins og áður er lýst sé í gildi yfirlýsing KKK um að eiga engar kröfur á hendur henni. Öllu verra sé að stjórnarformaður KKK hafi ekki látið við það sitja að setja fram tilhæfulausar kröfur á hendur Eddu heldur dreift ósannindum og óhróðri um hana, m.a. um að fyrirtækið hafi kært hana til lögreglu fyrir fjárdrátt. Edda hafi fengið staðfest hjá lögreglu að engin kæra hafi verið lögð fram og sé því aðeins um ófrægingarherferð að ræða, enda séu slíkar ásakanir með öllu rangar. Það sé mat Eddu að kvörtun KKK til Neytendastofu sé spröttin af sömu rót.



Edda hafni því alfarið að hafa brotið gegn ákvæðum 16. gr. c. laga nr. 57/2005. Hafa verði í huga að meint brot sem vísað sé til eigi að hafa átt sér stað meðan hún hafi gegnt störfum sem framkvæmdastjóri KKK. Samskipti við birgja hafi beinlínis verið hluti af starfi hennar. Hún hafi ekki tjáð sig umfram heimild um fjárhagsmálefni KKK við birgjann Faustino en á fundi þeirra hafi verið farið yfir mjög alvarlega skuldastöðu KKK gagnvart Faustino og hvaða leiðir væru færar í þeim efnum til þess að viðskipti héldu áfram milli aðila.

Engin glærुकynning hafi verið spiluð fyrir eða sýnd umræddum birgi. Áður en fundurinn með Faustino hafi verið haldinn, sem hafi farið fram fjórum dögum fyrir starfslok Eddu, hafi komið til álita að kynna stöðu KKK með þeim hætti. Á fundinum hafi Edda getið þess að hún væri um það bil að hætta störfum og að hún væri að hefja störf fyrir Podium Imports. Þetta hafi henni verið fullkomlega heimilt. Fyrir fundinn hafi verið tekin sú ákvörðun að nota ekki umrædda glærुकynningu til að fjalla um KKK né ræða Podium Imports sérstaklega og hafi það því aldrei verið gert. Edda hafi auk þess talið að slíkt gæti mögulega verið í ósamræmi við starfsskyldur hennar hjá KKK. Umrædd glærुकynning sé augljóslega vinnuskjal í drögum, sem ekki hafi verið klárað eða kynnt. Þannig sé hluti af þessari kynningu á íslensku og þrátt fyrir að eintak af henni hafi verið til staðar í tölvu Eddu sé það engin sönnun þess að kynningin hafi verið notuð á fundinum enda hafi það ekki verið gert. Þá vill Edda ekki útiloka að átt hafi verið við skjalið og því breytt eftir að hún hafi skilað inn tölvu sinni.

Hvað varði áskanir um að þessi glærुकynning innihaldi upplýsingar sem trúnaðarbrot hafi verið fjallað um þá sé það rangt. Verði reyndar ekki séð hvaða máli það skipti þar sem glærुकynningin hafi engum verið sýnd. Gögnin sem sé að finna í glærुकynningunni séu þess eðlis og efnis að langur vegur sé frá því að umfjöllun um þessi atriði hafi falið í sér trúnaðarbrot. Hafa verði í huga að fundur þessi hafi verið haldinn að frumkvæði birgisins Faustino en hann hafi haft miklar áhyggjur af stöðu KKK. Almenn umræða um fjárhagsmálefni KKK við birginn hafi því ekki verið Eddu óheimil enda hafi hún setið fundinn sem framkvæmdastjóri KKK. Kökurit sem sýni skiptingu einstakra birgja hefði verið eðlilegt að taka saman til að sýna styrkleika fyrirtækisins, hvaða vörumerki KKK selji og hver sé hlutdeild hvers og eins. Ekkert leyndarmál sé hvaða áfengistegundir KKK selji, um það nægi að fara inn á heimasíðu fyrirtækisins. Um skiptingu einstakra birgja sé hægt að fá góða mynd af með ýmsum hætti. Þessar upplýsingar hafi margoft verið kynntar birgjum fyrirtækisins á fundum, til þess að kynna fyrirtækið og sýna styrkleika þess. Leynd um þessar upplýsingar hafi aldrei verið áskilin eða þess krafist að framkvæmdastjóri í starfi noti þær ekki í rekstrinum en slíkt sé nauðsynlegt sbr. ummæli í greinargerð með lagaákvæðinu til að birting upplýsinganna geti talist brot. Hefði glærुकynningin verið kynnt Faustino á fundinum hefði það ekki falið í sér trúnaðarbrot gagnvart KKK. Önnur kökurit í glærudrögum svo sem um markaðshlutdeild o.fl. eigi það öll sameiginlegt að vera upplýsingar sem keyptar hefðu verið frá markaðsrannsóknarfyrirtækinu A.C. Nielsen. Geti hver sem er keypt þessar upplýsingar og hafi þær því ekki verið trúnaðarmál.



Skýrasta dæmið um það að Edda hafi ekki fengið Faustino til að hætta viðskiptum við KKK og koma í viðskipti til hennar sé uppsagnarbréf þessa birgis til KKK. Í uppsagnarbréfinu sem dagsett sé 30. júlí 2010, þ.e.a.s. tveim mánuðum eftir að Edda hafi látið af störfum hjá KKK sé að finna skýr rök birgisins fyrir uppsögninni. Þar komi fram að meginástæða uppsagnarinnar sé sú að ÁTVR hafi tilkynnt birginum að birgðir af víni Faustino væru búnar í verslunum ÁTVR og síðasta sending hefði borist 16. júní 2010. Augljóst sé af þessu að tilgangur allra hafi verið að viðskipti milli KKK og Faustino héldu áfram og hafi Edda beinlínis unnið að því síðustu dagana áður en hún hafi hætt störfum.

Í uppsagnarbréfinu komi einnig fram að skortur á viðbrögðum KKK við þessum birgðaskorti hafi stefnt markaðshlutdeild Faustino á Íslandi í hættu og fjárhagslegt tjón birgisins væri mikið og óbætanlegt. Þá rifji birgirinn upp að síðust ár hafi gengið afar illa að fá reikninga greidda frá KKK og þrátt fyrir ítrekaðar viðvaranir hafi því ekki verið sinnt að greiða reikninga. Þá hafi birgirinn fregnað að margir yfirmenn hjá KKK hafi látið af störfum hjá fyrirtækinu. Birgirinn hafi því talið vanefndir KKK slíkar að honum væri ekki stætt á öðru en að slíta viðskiptasambandinu við fyrirtækið.

Af þessu má ljóst vera að Edda hafi ekki komið nálægt því að viðskipti milli þessara aðila hafi rofnað og ekkert sem styðji slíkar ásakanir. Hins vegar hafi verið fyrir hendi nægar ástæður og vanefndir af hálfu KKK til þess að umræddur birgi hafi fengið nóg af viðskiptum sínum við KKK og séð fram á að glata allri markaðshlutdeild á Íslandi vegna vanefnda KKK. Hafi hann upp á sitt einsdæmi ákveðið að slíta viðskiptasambandinu. Ekki sé það svo að Faustino hafi flutt öll viðskipti sín yfir til Podium Imports í kjölfar þessa. Í dag hafi Vífilfell hf. umboð fyrir hin vinsælu Faustino vín og hafi tekið við umboðinu að beiðni Faustino. Sé það enn ein sönnun þess að ásakanir um að Edda hafi sölsað undir sig þessi viðskipti séu ósannar og rakalausar.

Edda hafi hætt störfum fyrir KKK 1. júní 2010 og hafið störf fyrir Podium Imports viku síðar eða 7. júní 2010. Fyrirtækið reki svipaða starfsemi og KKK, en sé þó eingöngu í vinnflutningi. Hvergi í samningi aðila sé Edda bannað að starfa í sams konar rekstri og KKK eftir starfslok hennar hjá KKK. Sömu leiðis hafi hún á engan hátt undirgengist að afsala sér rétti til þess að eiga hlut í fyrirtæki eins og Podium Imports á meðan hún hafi gegnt störfum fyrir KKK. Þetta skipti miklu máli eins og nánar sé reifað á ákvörðunum Neytendastofu nr. 4/2011 og 5/2009.

Í fyrrnefnda málinu hafi Neytendastofa bent á að sú krafa hafi ekki verið gerð gegn þeim starfsmanni sem fyrirtækið S kærði til Neytendastofu að hann starfaði ekki í samkeppni við S, léti hann af störfum. Það hafi því ekki getað talist brot gegn ákvæðum 16. gr. c. laga nr. 57/2005, að hann hafi stofnað eigið félag áður en hann hafi látið af störfum fyrir S, í þeim tilgangi að starfa í samkeppni við S. Áréttað sé að Edda hafi ekki stofnað Podium Imports og hafi ekki hafið



störf hjá því fyrirtæki fyrr en eftir að hún hafi undirritað starfslokasamning við KKK. Þá sé hvergi bann við því að hún starfi á sambærilegum eða sama starfsvettvangi og KKK eftir að hún láti af störfum fyrir KKK. Séu því engin efni til að líta á aðkomu hennar að Podium Imports sem brot gegn 16. gr. c. laga nr. 57/2005.

Rangt sé að Podium Imports hafi yfirtekið viðskiptasamninga KKK við framleiðendurna Maxium, Stroh og Babco ltd. Ekki sé rétt að slíkt komi fram á fylgiskjali með erindinu. Tilvitnað fylgiskjal sé tilkynning til ÁTVR um að Podium Imports hafi gert nýja samninga við þessa aðila og tekið við dreifingu á vörum þeirra. Samningur KKK við þessa aðila hafi því ekki verið yfirtekinn af Podium Imports. Skeyti þetta sé auk þess dags. 10. janúar 2011, löngu eftir að Edda hætti störfum hjá KKK. Podium Imports hafi gert nýja samninga við þessa aðila og tekið yfir dreifingu á vörum þeirra. Samningur KKK við þá hafi því ekki verið yfirtekinn að Podium Imports. Þessir erlendu aðilar hafi allir gefist upp á KKK. Samkvæmt því sem Maxium hafi nú upplýst Podium Imports um hafi fyrirtækið sagt upp samningi sínum við KKK í september 2010, vegna ítrekaðra og alvarlegra vanefnda KKK um að standa við samningsskyldur sínar. Fyrirtækið hafi svo haft samband við Podium Imports að fyrri bragði og óskað tilboða í viðskipti.

Hið sama hafi gerst með Stroh. Fyrirtækið hafi leitað tilboða hjá Podium Imports eftir að hafa sagt upp samningi sínum við KKK í september 2010. Stroh hafi sagt upp samningi sínum við KKK þar sem KKK hafi ekki getað afhent vörur þeirra til ÁTVR. Þá hafi Babco ltd. leitað eftir viðskiptum við Podium Imports í desember 2010 en um svipað leyti hafi fyrirtækið rift samningi sínum við KKK vegna ítrekaðra og alvarlegra vanefnda. Hafi þá verið komin fram gjaldþrotaskiptabeiðni á KKK. Af þessu sé ljóst að alrangt sé að Podium Imports hafi yfirtekið eða sölsað undir sig viðskiptasamninga KKK við þessa aðila. Í öllum tilvikum hafi hinir erlendu aðilar ákveðið að segja upp eða rifta sínum samningi við KKK, án aðkomu Eddu eða Podium Imports. Fleiri hafi gert slíkt hið sama. Þrír hafi leitað til Podium Imports með viðskipti en aðrir birgjar séu í viðskiptum annars staðar.

Eitt þeirra fylgiskjala sem fylgdi með kvörtun KKK sýni samskipti milli þriggja aðila, Eddu, starfsmanns erlends birgis og starfsmanns KKK. Samskipti þessi endurspeglja það að þessi birgir hafi haft samband við Eddu og boðað komu sína til Íslands og hafi óskað eftir fundi með henni. Þessi starfsmaður hafi ætlað bæði að funda með Eddu og KKK sem og mögulega fleiri aðilum. Í þessum tölvupósti komi einungis fram samskipti um fundartíma og sé ekkert óeðlilegt við það. Hvað varði tölvupóstssamskipti Eddu og starfsmanns vínbirgisins AB-Inbev þá hafi Edda fengið veður af því starfsmaður vínbirgisins AB-Inbev, hefði verið að reyna að ná sambandi við hana eftir að hún hafði látið af störfum hjá KKK. Hún hafi svo fengið skilaboð í gegnum Facebook um að hafa samband við starfsmanninn sem hún hafi reynt. Það hafi ekki gengið og hafi hún sent honum tölvupóst sem hann hafi svarað en afrit af póstinum hafi þá farið á netfang sem Edda hafi áður haft hjá KKK. Ljóst sé að forsvarsmenn KKK hafi skoðað tölvupóst Eddu án þess að hún



hafi verið kvödd til. Það mál hafi verið sent til Persónuverndar enda hafi umræddur póstur ekki verið ætlaður KKK. Auk þess hafi málið verið sent Póst og fjarskiptastofnun og sé þess krafist að Neytendastofa taki mið af því.

Í nefndum tölvupósti sé í fyrsta lagi að finna lýsingu Eddu á því af hverju hún hafi hætt störfum fyrir KKK. Allt sem þar sé sett fram lúti að stjórnarformanni KKK persónulega og hafi enga þýðingu fyrir þetta mál enda sé hann ekki aðili þessa máls. Í bréfinu hafi Edda lýst með almennum hætti áhyggjum sínum af því að verða gerð persónulega ábyrg fyrir vörslusköttum sem hafi m.a. ráðið því að hún hafi hætt störfum. Þá komi þar fram að margir starfsmenn hafi hætt og fyrirtækið eigi við fjárhagserfiðleika að glíma sem hafi haft áhrif á ákvörðun hennar um að hætta. Þetta sé ritað nokkrum mánuðum eftir að viðskiptabanki fyrirtækisins hafi reynt að taka fyrirtækið yfir vegna vanskila þess og ógjaldfærni. Grundvallar atriðið sé að í tölvupóstinum hafi Edda ekki greint frá nokkrum upplýsingum sem geti talist atvinnuleyndarmál í skilningi 16. gr. c. laga nr. 57/2005.

Í nefndri ákvörðun Neytendastofu nr. 4/2011, sé lagt til grundvallar að við mat á því hvort um trúnaðarupplýsingar hafi verið að ræða hafi verið litið svo á að ef skynsamur maður sem stæði í sporum viðtakanda upplýsinganna gæti séð að honum hafi verið afhent trúnaðargögn, þá nægði það til að telja að um trúnaðarupplýsingar væri að ræða.

Það sem fram komi í þessum tölvupósti, annað en um stjórnarformann KKK og ástæður Eddu fyrir starfslokum hennar, séu almennar upplýsingar um viðskipti með áfengistegundir á Íslandi. Ljóst sé að Edda hafi á engan hátt nýtt sér trúnaðarupplýsingar um KKK til þess að ná til sín viðskiptum frá KKK. Hvergi komi nokkuð slíkt fram í tölvubréfinu. Hvergi séu dæmi þess að Edda hafi hagnýtt sér viðskiptaleyndarmál KKK og engin dæmi þess að erlendir vínbirgjar hafi fært sig yfir til Podium Imports vegna slíkra atvika.

Mótmælt sé að dómur Hæstaréttar í máli nr. 98/2009 eigi við í málinu enda atvik þess máls með allt öðrum hætti en hér sé um að ræða.

Það sé ekki í verkahring Neytendastofu að beita refsiaákvæði 26. gr. laga nr. 57/2005. Einungis dómstólar geti tekið slíkar ákvarðanir. Þá sé bent á að í IX. kafla laganna, sem fjalli um viðurlög, sé ekki að finna lagaákvæði sem heimili beitingu stjórnvaldssekta gagnvart einstaklingum sem brjóti gegn 16. gr. c. Séu því engar heimildir til þess að beita Eddu viðurlögum verði talið að hún hafi brotið gegn framangreindu lagaákvæði.

Edda hafi ekki hagnýtt sér trúnaðarupplýsingar um starfsemi KKK í nokkrum tilgangi. Hafa verði í huga að fyrirtækið verjist nú kröfu um gjaldþrotaskipti fyrir dómi. Fyrirtækið hafi lengt það ferli mjög með sífelldum frestbeiðnum. Þetta óvissuástand um gjaldfærni félagsins sem hafi



varað í rúmt ár, hafi augljóslega verið óþolandi fyrir erlenda birgja fyrirtækisins og hafi þeir margir hverjir af þessum sökum ákveðið að segja upp samningum sínum við KKK og leita annað. Mikilvægir hagsmunir séu í húfi fyrir markaðshlutdeild þessara aðila því ef vara er ófánleg í ÁTVR í 60 daga sé hún tekin þar úr kjarnasölu og kemst ekki aftur að fyrr en eftir tvö ár. Þetta sé m.a. ástæða þess að birgjar hafi haldið áfram að senda KKK birgðir án þess að hafa fengið greitt fyrir en slíkt gangi ekki endalaust. Sumir birgjanna sem ákveðið hafi að slíta viðskiptasambandi sínu hafi í kjölfarið haft samband við Podium Imports. Hafi sumir gert samning við fyrirtækið en aðrir gert samninga við aðra innflytjendur.

Hvergi í málinu sé bent á dæmi þess að Edda hafi fært sér í nyt trúnaðarupplýsingar frá KKK. Það hafi hún ekki gert og hafi því ekki brotið gegn ákvæðum 16. gr. c. laga nr. 57/2005.

2.

Bréf Eddu Bjarnadóttur var sent Karli K. Karlssyni til umsagnar með bréfi Neytendastofu, dags. 8. mars. 2011. Til þess var veittur tíu daga frestur.

Með tölvupósti lögmanns KKK, dags. 23. mars 2011, var óskað eftir fresti til að koma að athugasemdum til 28. mars 2011. Var sá frestur samþykktur með tölvupósti Neytendastofu sama dag. Ekkert svar barst.

Með bréfi Neytendastofu til lögmanns KKK, dags. 13. maí 2011, var gefinn lokafrestur til að koma að athugasemdum við bréf lögmanns Eddu, til 20. maí 2011. Ekkert svar barst.

Með tölvupósti lögmanns Eddu Bjarnadóttur til Neytendastofu, var athygli Neytendastofu vakin á því að angar málsins væru til umfjöllunar bæði hjá Persónuvernd og Póst- og fjarskiptastofnun og þess óskað að upplýsinga yrði aflað þaðan áður en ákvörðun yrði tekin í málinu.

Með bréfi Neytendastofu til lögmanns KKK og Eddu Bjarnadóttur, dags. 20. október 2011, var tilkynnt með vísan til 10. gr. stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, að Neytendastofa hygðist fresta ákvarðanatöku í málinu þar til niðurstaða Persónuverndar lægi fyrir, en áður hafði Póst- og fjarskiptastofnun vísað erindi sem snéri að málinu til Persónuverndar. Hinn 17. janúar 2012, lá niðurstaða Persónuverndar fyrir. Í úrskurðinum kemur fram að KKK hafi verið heimilt að skoða tölvupóst frá starfsmanni A-B Inbev sem sendur var á pósthöfnun edda@karlsson.is hinn 19. september 2010, í þeim tilgangi að kanna hvort ólögmetir viðskiptahættir hafi átt sér stað.

3.

Hinn 17. febrúar 2012, var aðilum málsins tilkynnt að þar sem niðurstaða Persónuverndar lægi fyrir myndi Neytendastofa taka málið til efnislegrar meðferðar og ákvarðanatöku. Sama dag var málsaðilum tilkynnt að gagnaöflun í málinu væri lokið. Skrá yfir gögn málsins fylgdi bréfinu.



III. Niðurstaða

1.

Í máli þessu kvartar Karl K. Karlsson hf. (KKK) yfir hagnýtingu Eddu Bjarnadóttur á atvinnuleyndarmálum félagsins. Edda hafi starfað hjá KKK frá árinu 2000 til 7. júní 2010, þar af sem framkvæmdastjóri fyrirtækisins frá árinu 2007. Stöðu sinnar vegna hafi hún haft aðgang að trúnaðarupplýsingum um starfsemi og atvinnuleyndarmál fyrirtækisins. Skömmu eftir starfslok hafi komið í ljós að Edda væri einn af stofnendum Podium Imports ehf. en það fyrirtæki væri í beinni samkeppni við KKK. Fyrirliggjandi gögn bendi eindregið til þess að hún hafi skipulagt stofnun og starfsemi félagsins meðan hún hafi verið við störf hjá KKK.

[X] hafi verið skráður framkvæmdastjóri Podium Imports þann 7. júní 2010 en Edda hafi skömmu áður ráðið hann til KKK eða í apríl 2010, þ.e. tveim mánuðum áður en hann hafi orðið framkvæmdastjóri Podium Imports. Edda hafi ekki gert ráðningarsamning við [X]. Engar ráðstafanir hafi því verið gerðar af hennar hálfu til að vernda atvinnuleyndarmál og ríka hagsmuni KKK þrátt fyrir augljósar skyldur hennar þess efnis.

Augljóst sé að Edda hafi ráðið [X] til starfa til þess eins að mynda tengsl við helstu birgja fyrirtækisins og ná þeim yfir til Podium Imports enda hafi fyrirtækið verið stofnað 7. maí 2010.

Þá bendi fyrirliggjandi gögn til þess að Edda hafi með ólögætum hætti nýtt sér atvinnuleyndarmál KKK og unnið markvisst að því að yfirtaka viðskiptasamninga við helstu birgja fyrirtækisins þ.m.t. viðskiptavini KKK.

Skipulegar og markvissar aðgerðir Eddu til þess að reyna að taka yfir viðskiptasamninga við birgja KKK, þ.m.t. viðskiptavini fyrirtækisins, hafi leitt til tuga- eða hundruð milljóna króna tjóns fyrir fyrirtækið auk ímyndarskaða sem örðugt sé að meta til fjár. Það sem í raun og veru hafi gerst með tilkomu Podium Imports hafi verið það að það fyrirtæki hafi sölsað undir sig hluta af starfsemi KKK og hafi gert Eddu kleift að stofna fyrirtæki með örugga birgja og örugga veltu sem hafi áður verið í eigu KKK.

Af hálfu Eddu kemur fram að meðal starfa hennar fyrir KKK hafi verið samskipti við birgja fyrirtækisins og lánadrottna, en rekstur fyrirtækisins hafi alla jafna verið mjög þungur. Oft hafi gengið illa að greiða erlendum birgjum og standa skil á vörslusköttum. Edda hafi hugað að starfslokum hjá fyrirtækinu enda hafi blasað við að fyrirtækið með sama áframhaldi myndi ekki geta staðið skil á vörslusköttum og myndi hún bera lagalega ábyrgð ef til þess kæmi. [X] hafi



verið ráðinn til fyrirtækisins í samráði við og með samþykki stjórnar KKK. Ýmsum birgjum hafi verið ljós fjárhagsleg staða fyrirtækisins og hafi þeir því sagt upp samningi við KKK og leitað annað, sumir til Podium Imports og aðrir annað. Rangt sé að Podium Imports hafi yfirtekið viðskiptasamninga KKK við birgja. Edda hafni því alfarið að hafa brotið gegn ákvæðum 16. gr. c. laga nr. 57/2005. Hafa verði í huga að meint brot sem vísað sé til eigi að hafa átt sér stað meðan hún hafi gegnt störfum sem framkvæmdastjóri KKK. Samskipti við birgja hafi beinlínis verið hluti af starfi hennar. Hún hafi ekki tjáð sig umfram heimild um fjárhagsmálefni KKK.

2.

Í erindi KKK er vísað til ákvæða 16. gr. c. og 26. gr. laga nr. 57/2005.

Í atvinnustarfsemi getur skipt miklu máli að ákveðnum þáttum starfseminnar sé haldið leyndum, sérstaklega þeim sem snúa að samkeppnisstöðu. Fyrirtæki eiga rétt á lögvernd þessara hagsmuna og í lögum nr. 57/2005 er að finna almennt ákvæði í 16. gr. c. sem stuðlar að vernd atvinnuleyndarmála. Ákvæðið er svohljóðandi:

„Óheimilt er í atvinnustarfsemi er lög þessi taka til að afla sér eða reyna að afla sér með ótilhlýðilegum hætti upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmálum starfseminnar.

Sá sem fengið hefur vitneskju um eða umráð yfir atvinnuleyndarmálum á réttmætan hátt í starfi sínu fyrir annan eða í félagi við annan, sbr. 1. mgr., má ekki án heimildar veita upplýsingar um eða hagnýta sér slík leyndarmál. Bann þetta gildir í þrjú ár frá því að starfi er lokið eða samningi slitið.

Þeir sem vegna starfs síns eða stöðu að öðru leyti hefur verið trúað fyrir uppdráttum, lýsingum, uppskriftum, líkönum eða þess háttar er óheimilt að hagnýta sér eða veita öðrum afnot af slíku án sérstakrar heimildar.

Nú hefur upplýsinga um eða umráða yfir atvinnuleyndarmáli verið aflað á þann hátt að brotið hefur verið gegn ákvæðum 1.-3. mgr. og er þá þeim sem brotlegur er eða þeim sem fengið hafa upplýsingar frá honum óheimilt að færa sér það í nyt.“

Núgildandi ákvæði 16. gr. c. laga nr. 57/2005 er efnislega samhljóða eldri ákvæðum laga um sama efni sem lög nr. 57/2005 felldu brott. Í greinargerð um ákvæðið kemur fram að hagsmunir þeir sem greinin verndi séu atvinnuleyndarmál. Atvinnuleyndarmál geti verið rekstrarleyndarmál sem varði fremur tæknileg atriði og geti notið verndar jafnvel þó skilyrði fyrir einkaleyfi séu ekki uppfyllt. Þá geti atvinnuleyndarmál einnig verið verslunar- eða viðskiptaleyndarmál sem geti t.d. verið fólgin í sérstöku sölu- eða innkaupaskipulagi, skráum yfir viðskiptavinum, sérstök þekking á viðskiptavinum, ýmsar tölfræðilegar upplýsingar o.fl. Almenn þekking og reynsla starfsmanns



geti ekki fallið undir það að vera atvinnuleyndarmál en til þess að svo verði þurfi að liggja fyrir þekking sem sé sérstaklega bundin við viðkomandi rekstur og skipti máli fyrir starfsemina. Gera verður þá kröfu, til þess að atvinnuleyndarmál njóti verndar skv. ákvæðinu, að krafa um leynd hafi verið látin í ljós af hálfu fyrirtækisins eða það liggi í hlutarins eðli.

Í 2. mgr. 16. gr. c. er lögð þagnarskylda á þá sem eru í tengslum við viðkomandi starfsemi sem starfsmenn eða í félagsskap við aðra. Ákvæðið tekur því aðeins til þeirra sem eru í sérstökum tengslum við starfsemina. Þá verndar ákvæðið aðeins atvinnuleyndarmál eins og framan greinir.

Í 3. mgr. 16. gr. c. er lögð þagnarskylda á þá sem vegna starfs síns eða stöðu að öðru leyti hefur verið trúað fyrir uppdráttum, lýsingum, uppskriftum, líkönum eða þess háttar. Samkvæmt ákvæðinu er ekki nauðsynlegt að uppdrættir þeir eða annað þar sem ætlunin er að vernda séu atvinnuleyndarmál. Undir málsgreinina getur fallið sérstök þekking starfsmanns sem ekki er atvinnuleyndarmál.

Niðurstaðan um vernd fyrirtækis gagnvart starfsmönnum sínum er því sú, að uppfylli tiltekna upplýsingar þær kröfur sem gerðar eru til atvinnuleyndarmála þá njóta þær verndar samkvæmt 2. mgr. 16. gr. c. laganna. Ef upplýsingarnar uppfylla ekki þessi skilyrði, en aðila, vegna starfs eða stöðu að öðru leyti, er trúað fyrir þeim með tilteknum hætti, eða að upplýsingarnar birtast á tilteknu formi, þá njóta þær verndar 3. mgr. 16. gr. c.

Í máli þessu er í fyrsta lagi um að ræða upplýsingar sem fram koma í glærुकynningu sem ber yfirskriftina „*Meeting Bodegas Faustino 27th May 2010*“. Kynningin er merkt Podium Imports Ltd. Glærुकynningin inniheldur upplýsingar um fjárhagsstöðu KKK, þ.e. upplýsingar í tímalínu þar sem fram koma upplýsingar um hvernig farið sé að halla undan fæti í rekstri KKK. Þá inniheldur kynningin aðgerðaráætlun um yfirtöku á Bodegas Faustino umboðinu frá KKK. Þær upplýsingar sem fram koma í kynningunni eru fjárhagslegar, þ.e. upplýsingar um skuldir og veltu. Verður ekki annað ráðið en að tilgangur kynningarinnar hafi verið fá umrætt fyrirtæki í viðskipti við Podium Imports. Kynningin er dagsett eftir uppsögn Eddu en áður en hún lét af stöfum hjá KKK.

Í öðru lagi er um að ræða tölvupóst frá Eddu til KKK, dags. 10. janúar 2011, þar sem fram kemur að Podium Imports hafi yfirtekið sölu á ákveðnum tegundum vörum sem áður voru í sölu hjá KKK.

Í þriðja lagi er um að ræða tölvupóst frá Eddu til starfsmanns birgja KKK sem sendur var eftir að Edda lauk störfum hjá KKK. Í póstinum koma fram upplýsingar um fjárhagsstöðu KKK og eiganda fyrirtækisins sem og upplýsingar um stöðu KKK gagnvart birgum sínum.



Framangreindar upplýsingar um fjármál KKK og stöðu fyrirtækisins gagnvart birgjum sem fram koma í glærुकynningu og tölvusamskiptum Eddu eru að mati Neytendastofu upplýsingar sem teljast til atvinnuleyndarmála. Gerð var krafa að hálfu KKK um að Edda gætti trúnaðar og þagnaskyldu í ráðningarsamningi hennar við KKK. Njóta framangreindar upplýsingar því verndar 16. gr. c. laga nr. 57/2005.

3.

Að mati Neytendastofu sýna fyrirbyggjandi gögn að Edda Bjarnadóttir hafi unnið að breytingum á tilgangi stofnun fyrirtækisins Podium Imports ehf. á meðan hún starfaði sem framkvæmdastjóri KKK. Í fundargerð Podium Imports, þá Engjasmára ehf., dags. 7. júní 2010, ritar Edda nafn sitt sem stjórnarmaður í nýkjörinni stjórn fyrirtækisins. Það er um það leyti sem hún lét af störfum hjá KKK. Að mati Neytendastofu fer ekki á milli mála að hún sem stjórnarmaður í nýkjörinni stjórn fyrirtækisins hefur komið að undirbúningi nýs tilgangs og nýrra samþykktu félagsins sbr. dagskrá fundarins. Þá bera gögn málsins með sér að Edda hafi ráðið [X] til starfa hjá KKK, í apríl 2010. Neytendastofa telur líkur á því að Eddu hafi verið kunnugt um aðkomu [X] að Podium Imports, enda hann í stjórn fyrirtækisins og starfandi framkvæmdastjóri þess a.m.k. 7. júní 2010. Þær upplýsingar hafa vafalaust ekki verið veittar stjórn KKK sem samþykkti ráðninguna.

Að mati Neytendastofu hefur ráðning hennar á [X] til starfa hjá KKK í apríl 2010, einnig verið liður í því að auka þekkingu Podium Imports á innviðum KKK. Telja verður allar líkur á því að henni hafi verið kunnugt um væntanlega ráðningu hans sem framkvæmdastjóra Podium Imports. Þó svo skriflegur starfssamningur hafi ekki verið gerður við hann hafi starf hans að verulegu leyti falist í tengslum við birgja. Sá starfsvettvangur hefur verið ákveðinn af framkvæmdastjóra fyrirtækisins. Hinn 7. júní er hann ráðinn framkvæmdastjóri Podium Import með samþykki stjórnar fyrirtækisins þar á meðal Eddu Bjarnadóttur. Að mati Neytendastofu er ráðning hans til KKK gerð að tilstuðlan framkvæmdastjórans Eddu, sem velur honum starfsvettvang vitandi um væntanlega ráðningu hans eða ráðningu hans fyrir hennar tilstuðlan á meðan hann starfaði fyrir KKK, sem framkvæmdastjóra Podium Imports. Neytendastofa telur engum vafa undirorpið að þekking hans á innviðum KKK og tengsl hans við birgja fyrirtækisins hafa vafalítið haft umtalsverð áhrif í starfi hans hjá Podium Imports. Þar sem erindi KKK beinist ekki að [X]mun Neytendastofa ekki nánar fjalla um þátt [X] í máli þessu.

4.

Í gögnum málsins er að finna glærुकynningu eða a.m.k. drög að glærुकynningu sem ætlunin hefur verið að sýna á fundi Eddu og [X] með Bodegas Faustino 27. maí 2010, eins og heiti kynningarinnar ber með sér:

„Meeting Bodegas Faustino 27th May 2010 Edda Bjarnadóttir [X]“.



Þar sem hluti kynningarinnar er á íslensku er ekki ljóst hvort að glærुकyningin sem slík hafi verið sýnd en engu að síður verður að gera ráð fyrir að það sem fram kemur í kynningunni hafi verið uppistaðan í fundi þeim sem haldinn var á milli framangreindra aðila.

Efni kynningarinnar var nokkuð nákvæm greining á alvarlegu fjárhagslegu ástandi KKK þar sem m.a. kemur fram það álit Eddu að að fyrirtækinu verði ekki forðað frá gjaldþroti og það hafi leitt til þess að hún hafi sagt upp störfum. Þá segir þar að þau Edda og [X] hafi nú þegar stofnað nýtt félag með miklu fjármagni.

Að mati Neytendastofu er í þessari glærुकyningu farið töluvert út fyrir það sem kalla má að gera grein fyrir fjárhagslegri stöðu KKK enda vandséð hvers vegna fulltrúar Bodegas Faustino eigi að fá mjög ítarlegar upplýsingar um fjárhagsstöðu fyrirtækisins hvað þá vangaveltur um væntanlegt gjaldþrot fyrirtækisins. Þá er í hæsta máta óeðlilegt að á sama fundi séu veittar upplýsingar um fjársterkt fyrirtæki sem Edda og [X] standi að. Verður vart lesið út úr þeim skilaboðum annað en að verið sé að gera tilboð þess fyrirtækis um viðskipti við Bodegas Faustino. Engu máli skiptir þó svo samningar þar að lútandi hafi ekki verið gerðir og uppsögn Bodegas Faustino á viðskiptasambandi við KKK hafi orðið að veruleika síðar.. Að mati Neytendastofu eru þær upplýsingar sem Edda veitti birgjanum Bodegas Faustino í nefndri glærुकyningu, hvort sem hún hefur verið sýnd myndrænt eða gerð grein fyrir efni hennar munnlega, þess eðlis að þær eru brot á 2. og 3. mgr. 16. gr. c laga nr. 57/2005.

Í erindi KKK er staðhæft að Podium Imports hafi yfirtekið viðskiptasamninga KKK við framleiðendurna Maxium, Stroth og Babco Ltd. Því til stuðnings er vísað til tölvupósts, dags. 10. janúar 2011, þar sem fram kemur að Podium Imports hafi gengið til samninga við framangreinda framleiðendur. Að mati Neytendastofu verður ekki ráðið af innihaldi tölvupóstsins með óyggjandi hætti að Podium Imports hafi með hagnýtingu atvinnuleyndarmála yfirtekið framangreinda viðskiptasamninga þar sem tölvupósturinn er dagsettur hálfu ári eftir að Edda hóf störf hjá Podium Imports. Er því samningar milli Podium Imports og Maxum, Stroth og Babco Ltd., ekki til þess fallnir að vera brot á 16. gr. c. laga nr. 57/2005.

Í erindi KKK er vísað til tölvupóstssamskipta Eddu við starfsmann birgisins A- B Inbev sem var í viðskiptum við KKK. Tölvupóstssamskiptin fóru fram u.þ.b. þrem mánuðum eftir að Edda hafði látið af störfum hjá KKK eða í september 2010. Í samskiptum þessum segir Edda með skýrum hætti að við KKK blasi gjaldþrot. Þá er fjárhagsstaða stjórnarformanns KKK kynnt af nákvæmni. Jafnframt er Podium Imports lýst sem mjög fjársterku fyrirtæki. Að mati Neytendastofu verður ekki annað séð en að í tölvupóstssamskiptunum sé Edda að veita upplýsingar um atvinnuleyndarmál KKK og stjórnarformann fyrirtækisins, en fjárhagur hans er óhjákvæmilega



tengdur fyrirtækinu, innan þeirra þriggja ára sem henni er það ekki heimilt skv. 2. mgr. 16. gr. c. laga 57/2005.

Að mati Neytendastofu er engum vafa undirorpið að vitneskja sú sem Edda fékk sem framkvæmdastjóri KKK um alla innviði fyrirtækisins, eins og stöðu fyrirtækisins gagnvart lánardrottnum, birgjum og fleiri trúnaðarupplýsingum eða atvinnuleyndarmála, hefur nýst Podium Imports, þ.e. því fyrirtæki sem hún hóf störf hjá eigi síðar en hún hætti störfum hjá KKK. Hefur sú vitneskja nýst við undirbúning nýs tilgangs og nýrra samþykka fyrirtækisins. Þó svo Edda hafi ekki verið óheimilt skv. ráðningarsamningi að eiga hlut í öðru félagi á meðan hún gegndi störfum fyrir KKK er ljóst, skv. 2. og 3. mgr. 16. gr. c. laga nr. 57/2005, að hún mátti ekki án heimildar veita upplýsingar um atvinnuleyndarmál fyrr en að þremur árum liðnum frá því starfi er lokið eða samningi slitið. Í ljósi þess að Edda gerðist hluthafi og starfsmaður í Podium Imports á meðan hún enn starfaði hjá KKK, eða eigi síðar en um það leyti sem hún hætti þar störfum, og með hliðsjón af því að hún hagnýtti sér atvinnuleyndarmál KKK í beinni samkeppni við fyrirtækið hefur hún brotið gegn 2. og 3. mgr. 16. gr. c. laga nr. 57/2005.

5.

Af hálfu KKK er þess krafist að þáttur Landsbankans í meintum brotum Eddu Bjarnadóttur verði sérstaklega rannsakaður af hálfu Neytendastofu.

Í málinu er upplýst að sá þáttur málsins er til meðferðar hjá Fjármálaeftirlitinu og er því Neytendastofu, að svo stöddu, óheimilt að kanna þann þátt málsins.

6.

Um valdheimildir Neytendastofu er fjallað í IX. kafla laga nr. 57/2005. Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. b. getur stofnunin gripið til aðgerða vegna viðskiptahátta sem brjóta í bága við ákvæði II.-VI. kafla og ákvæða VII. og VIII. kafla. Geta aðgerðir Neytendastofu falið í sér bann, fyrirmæli eða heimild með ákveðnu skilyrði. Þá getur stofnunin skv. 22. gr. lagt á fyrirtæki stjórnvaldssektir sem brjóta gegn ákvæðum laganna og settum reglum samkvæmt þeim um bann við óréttmætum viðskiptaháttum sbr. II.-V. kafla laganna. Einnig getur stofnunin lagt sektir á þau fyrirtæki sem ekki fara að stjórnvaldsreglum og ákvörðunum Neytendastofu sem brjóta í bága við ákvæði II.-VIII. kafla og fyrirmælum sbr. 21. gr. b. Þá getur stofnunin lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem ekki fara að reglum og fyrirmælum stofnunarinnar um ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði sbr. 18. gr. laganna. Í 23. gr. er stofnuninni veitt heimild til að beita dagsektum sé ekki farið að ákvörðun Neytendastofu sem tekin hefur verið skv. lögnum.

Í 26. gr. laga nr. 57/2005 er einnig fjallað um viðurlög við brotum gegn ákvæðum laganna og reglum og fyrirmælum settum samkvæmt þeim. Í ákvæðinu er kveðið á um að ef sakir eru miklar geti brot varðað fésekt eða fangelsi. Ákvæðið kveður sem slíkt ekki á um valdheimildir



Neytendastofu sem stjórnvalds heldur hvaða refsiviðurlög séu við brotum á lögnum, reglum og fyrirmælum settum samkvæmt þeim séu sakir miklar. Það er ekki hlutverk eftirlitsstjórnvalds eins og Neytendastofu að taka ákvörðun um kæru eða dæma einstaklinga eða fyrirtæki til refsingar skv. ákvæðinu enda slíkt hlutverk dómstóla. Það er því ljóst að Neytendastofa mun ekki kveða á um viðurlög samkvæmt 26. gr. laga nr. 57/2005 en veður athygli KKK á að slíkum kröfum þarf að koma á framfæri við ákærvaldið.

Í IX. kafla laganna er ekki að finna lagaákvæði sem heimilar beitingu stjórnvaldssekta gagnvart einstaklingum sem brjóta gegn ákvæðum VI. kafla laganna. Þegar af þeirri ástæðu er ekki unnt að beita stjórnvaldssektum gagnvart Eddu. Brot það sem hér um ræðir er brot á trúnaðarskyldu, sbr. VI. kafla laganna. Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. b. hefur stofnunin heimild til að banna háttsemi, gefa fyrirmæli eða heimild með ákveðnum skilyrðum vegna brota á VI. kafla laganna sem m.a. inniheldur 16. gr. c.

Með vísan til þess að Neytendastofa telur að Edda hafi brotið gegn 2. og 3. mgr. 16. gr. c. laga nr. 57/2005, bannar stofnunin henni, með vísan til 4. mgr. 16. gr. c. og 2. mgr. 21. gr. b. sömu laga að hagnýta sér þær trúnaðarupplýsingar sem hún öðlaðist í starfi sínu hjá KKK.



IV.

Ákvörðunarorð:

„Edda Bjarnadóttir, Ólafsgæisla 121, Reykjavík, hefur brotið gegn ákvæðum 2. og 3. mgr. 16. gr. c. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, með því að:

- vinna að undirbúningi að nýjum tilgangi og undirbúningi nýrra samþykka Podium Imports ehf. á meðan hún starfaði sem framkvæmdastjóri hjá Karli K. Karlssyni ehf.,
- veita fulltrúum Bodegas Faustino nákvæmar upplýsingar um fjárhagsstöðu Karls K. Karlssonar ehf. og gefa í skyn væntanlegt gjaldþrot fyrirtækisins og hagnýta sér þær upplýsingar til þess að vísa á Podium Import ehf. og
- fullyrða við starfsmann A-B Inbev, viðskiptavin Karls K. Karlssonar ehf., að gjaldþrot blasi við Karli K. Karlssyni ehf.

Með vísan til 4. mgr. 16. gr. c. og 2. mgr. 21. gr. b. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er Eddu Bjarnadóttur bannað að hagnýta þær trúnaðarupplýsingar sem hún öðlaðist í starfi hjá Karli K. Karlssyni ehf.“

Neytendastofa, 16. apríl 2012

Tryggvi Axelsson
forstjóri

Þórunn Anna Árnadóttir